

Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík, 18 desember
2018

Umsögn Ernst & Young ehf. um drög um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila í lágskattaríkjum, samsköttunar félaga, takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda og skattlagningar útsendra starfsmanna (samsköttun, CFC-félög o.fl.).

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

1. mgr. 57. gr. b í tekjuskattslaga nr. 90/2003 fjallar um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda. Ákvæðið eins og það er nú orðað er óskýrt og hefur í för með sér réttaróvissu fyrir mörg fyrirtæki í landinu.

Ákvæðið mætti túlka svo að verið sé að vísa til takmörkunar á möguleika félags á að draga frá skattstofni vaxtagjöld og aðra sambærilegar greiðslur án þess að tillit sé tekið til vaxtatekna vegna lánaviðskipta við tengda aðila. Að öðru leyti er ekki tekið af skarið í ákvæðinu, né lögskýringargögnum hvort miða skuli takmörkun á frádrætti með eða án tillits til vaxtatekna vegna lánaviðskipta við tengda aðila.

Með lögum 112/2016 um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem tóku gildi þann 1. janúar 2017 var sett ákvæði sem takmarkar frádrátt vaxtagjalda og affalla skattaðila skv. 2. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Með lögnum var m.a. 4. liður BEPS (e. Base Erosion and Profit Shifting) aðgerðaráætlunar OECD og G20 ríkjanna innleiddur, sem fjallar um rýrnun skattstofna með frádrætti vaxtagjalda og öðrum sambærilegum greiðslum. Í þessum 4. lið aðgerðaráætlunar OECD er mælt fyrir um tiltekna nálgun til að sporna við því að skuldir við bæði tengda og ótengda aðila séu nýttar við tilfærslu hagnaðar. Nálgun OECD byggir á m.a. á þumalfingurreglunni um fasta hlutfall (e. fixed ratio) sem ætlað er að takmarka möguleika félags á að draga frá skattstofni vaxtagjöld og aðrar sambærilegar greiðslur að frádregnum vaxtatekjum vegna lánaviðskipta við tengda aðila sem ákveðinn hundraðshluta af EBITDA félagsins, byggt á skattfjárhæðum.

Íslenska reglan virðist lögð út frá nálgun OECD um takmarkandi reglu sem byggir á fasta hlutfalli. Í ákvæði 57. gr. b. tsl. er vísað til 1. og 2. tölul. 1. mgr. 49. gr. tsl. Einhver kynni af þeirri tilvísun að draga þá ályktun að túlka beri ákvæðið sem svo að verið væri að vísa til takmörkunar á möguleika félags á að draga frá skattstofni vaxtagjöld og aðrar sambærilegar greiðslur án þess að tillit sé tekið til vaxtatekna vegna lánaviðskipta við tengda aðila. Að öðru leyti virðist ekki tekið af skarið í ákvæðinu, né lögskýringargögnum, við hvort skuli miða – takmörkun á frádrætti með eða án tillits til vaxtatekna vegna lánaviðskipta við tengda aðila. Í umfjöllun OECD um 4. lið BEPS er hins vegar eins og áður sagði gert ráð fyrir því að tillit sé tekið til fyrrnefndra tekna í þessu samhengi.

Ríkisskattstjóri hefur í bréfi, dagsett 20.09.2017, tekið þá afstöðu að ákvæðið í núverandi mynd gefi til kynna að horfa eigi til *brúttó* vaxtagjalda en ekki *nettó* vaxtagjalda og túlkar því ákvæðið ekki í samræmi við BEPS. Þá kemur fram í bréfi RSK að ef ætlunin hafi verið að við ákvörðun fjárhæðar vaxtagjalda við tengda aðila hafi átt að draga frá vaxtatekjur af lánaviðskiptum við þá sömu aðila hafi sú regla þurft að koma fram í ákvæðinu. Ljóst er að almennt ríkir samstaða um að ákvæðið beri að túlka í samræmi við 4 lið BEPS enda meiningin að hér ríki sömu skilyrði og annars staðar.

Sem umsögn við frumvarp til laga um breytingu á þessari löggjöf sem þá lá fyrir á Alþingi, setti Fjármála- og Efnahagsráðuneytið, í minnisblaði dags. 27.12.2017, fram tillögu sem fól m.a. í sér breytingu á 1 mgr. 57. gr. b. Þar voru lagðar fram eftirfarandi breytingar á 57. gr. b. laganna:

Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilaður frádráttur skv. 1. mgr. miðast við vaxtagjöld og affoll að frádregnum vaxtatekjum frá tengdum aðilum.¹

Í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er ekki að finna tillögu í samræmi við framangreinda breytingartillögu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem kemur nokkuð á óvart í ljósi þess hversu ákvæðið er óskýrt og verulegir hagsmunir því tengdu.

Ernst & Young ehf. telur mikilvægt að ákvæði 57. gr. B. verði breytt á þann veg sem ráðuneytið leggur til þannig að ákvæðið endurspegli umrædda túlkun.

Ef ekki væri farin sú leið að breyta tekjuskattlögum í samræmi við fyrirliggjandi tillögu væri hægt að nýta reglugerðarheimild ákvæðisins til þess að skýra ákvæðið frekar.

Virðingarfyllt

Ernst & Young ehf.
